

4. mars 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. febrúar 2005 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu, 482. mál, EES-reglur.

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslensk lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

Seðlabanki Íslands telur ástæðu til að vekja athygli á eftirfarandi atriðum er varða 16. gr. frumvarpsins:

Í 16. gr. segir að fyrirtæki sem gefa út greiðslukort skuli setja skýrar reglur um hvernig neytandi geti óskað eftir afturköllun á greiðslu hafi greiðslukort hans verið misnotað við gerð fjarsölusamnings. Jafnframt skuli þar kveðið á um hvernig endurgreiða skuli neytanda vegna ólögmatrar misnotkunar á greiðslukorti hans. Í athugasemd í greinargerð um 16. gr. segir að ákvæðið eigi við um allar tegundir greiðslukorta, þ.m.t. debet- og kreditkort. Ákvæðið er sagt vera í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2002/65/EB.

Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, segir: „Í greiðslukerfum er skylt að skilgreina hvenær greiðslufyrirmæli teljast vera komin til kerfisins og er afturköllun þeirra óheimil eftir tímamark það sem tiltekið er í reglum kerfisins.“

Hér á landi eru starfrækt tvö greiðslukerfi, þ.e. jöfnunarkerfi (JK-kerfi) Fjölgreiðslumiðlunar hf. og stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands. Reikna má með að langflestar debetkortagreiðslur vegna fjarsölu sem eru milli viðskiptaáðila mismunandi banka myndu fara í gegnum jöfnunarkerfið. Í því kerfi hefur tímamark það sem rætt er um í áður nefndri 3. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1999 verið tilgreint í 9. gr. reglna nr. 789/2003 um starfsemi jöfnunarkerfa.

Í 9. gr. reglnanna segir að greiðslufyrirmæli teljist komin til kerfisins þegar það hefur staðfest móttöku þeirra með sannanlegum hætti gagnvart þeim þátttakenda sem fyrirmælin gaf. Í 1. mgr. 10. gr. segir að eftir að móttaka greiðslufyrirmæla hefur verið staðfest skv. 9. gr. teljist fyrirmælin bindandi gagnvart þriðja manni og sé afturköllun þeirra óheimil eftir það tímamark. Þetta þýðir að greiðsla með debetkorti, sem fellur undir 9. gr. reglnanna, er endanleg og óafturkallanleg þegar móttaka hennar hefur verið staðfest með færslu á svo nefndan JK-reikning. Ein undantekning er þó gerð í 2. mgr. 10. gr. reglnanna þar sem veitt er heimild til afturköllunar greiðslufyrirmæla innan sama bankadags með sýnilegri mótfærslu en slík afturköllun er aðeins heimil vegna augljósra mistaka við sendingu greiðslufyrirmæla.

Tíminn sem líður á milli þess sem neytandi greiðir með debetkorti og fram að því að greiðslan er skráð á JK-reikning getur verið allt frá nokkrum sekúndum upp í 2 daga (og jafnvel lengur ef hátfíðisdagar eru tengdir helgum). Tveir tímaþættir virka því takmarkandi á rétt til afturköllunar slíkra greiðslna: Í fyrsta lagi skráning á JK-reikning, og í öðru leyti sami bankadagur þegar um er að ræða augljós mistök.

Af þessu leiðir að ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1999, sbr. 9. gr. reglna nr. 789/2003, takmarkar rétt neytenda skv. 16. gr. frumvarpsins. Ekki væri hægt að veita neytendum þann rétt að afturkalla greiðslu með debetkorti, sem fellur undir reglur 789/2003, eftir að greiðslan hefur verið staðfest af JK-kerfinu og skráð á JK-reikning nema um sé að ræða augljós mistök, sbr. 10. gr. reglna nr. 789/2003 sem hægt væri að leiðrétta innan sama bankadags. Að óbreyttu yrði því að taka tillit til þessa í reglum þeim sem útgefendum greiðslukorta er ætlað að setja skv. 16. gr. frumvarpsinsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri